

Reglur um þóknun til kjörinna fulltrúa í Snæfellsbæ

1. gr.

Bæjarfulltrúar sem og aðrir kjörnir fulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélagsins fá greidda þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn skv. þessum reglum.

Greitt er fyrir setu á formlegum fundum bæjarstjórnar og nefnda þar sem færð er fundargerð sem tekin er til afgreiðslu bæjarstjórnar.

2. gr.

Grunnlaun.

Greiðslur taka mið af launaflokki 122, þrep 4 (6%) í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stéttarfélagsins Kjalara eins og hann er á hverjum tíma.

Almennur bæjarfulltrúi fær 30% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 10% fyrir hvern setinn fund í bæjarstjórn.

Fulltrúi í bæjarráði fær 30% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 10% fyrir hvern setinn fund í bæjarstjórn og 13% fyrir hvern setinn fund í bæjarráði.

Forseti bæjarstjórnar fær 45% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 15% fyrir hvern setinn fund í bæjarstjórn.

Formaður bæjarráðs fær 35% af mánaðarlaunum fyrir hvern mánuð og að auki 10% fyrir hvern setinn fund í bæjarstjórn og 15% fyrir hvern setinn fund í bæjarráði.

Vegna aksturs úr dreifbýli í þéttbýli vegna fundarsetu eiga bæjarfulltrúar og nefndarmenn rétt á að fá greiddar 7.000 kr á fund.

Nefndarmaður fær 4,5% af mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund.

Formaður nefndar fær 6,5% af mánaðarlaunum fyrir hvern setinn fund.

Nefndarmenn í umhverfis- og skipulagsnefnd fá greitt 50% álag á nefndarstörf.

Bæjarfulltrúar sem sitja fundi eða ráðstefnur fyrir hönd Snæfellsbæjar utan sveitarfélagsins fá greiddar kr. 55.000.- fyrir heilan dag, en kr. 40.000.- fyrir hálfan dag. Upphæð þessi er tengd launavísitölu og er uppreiknuð í byrjun júní ár hvert.

3. gr.

Ferða- og dvalarkostnaður.

Bæjarfulltrúar eiga rétt á að fá aksturskostnað greiddan þegar um er að ræða akstur á fundi eða ráðstefnur utan sveitarfélagsins. Greiðslur taka mið af akstursgjaldi ríkisstarfsmanna eins og það er á hverjum tíma.

Bæjarfulltrúar eiga rétt á dagpeningum vegna dvalar- og uppihaldskostnað ef þeir sitja fundi og ráðstefnur utan sveitarfélags. Bæjarfulltrúar bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um slíka fundi

til bæjarritara. Þetta gildir ekki í þeim tilfellum þegar reikningar eru sendir til sveitarfélagsins af fundarhaldara/gististað.

4. gr.

Laun í orlofi, lífeyrisréttindi og tryggingar.

Bæjarfulltrúar fá greidd mánaðarlaun skv. 2. gr meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur.

Snæfellsbær heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð að launum bæjarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga.

Bæjarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi með sama hætti og starfsmenn Snæfellsbæjar.

5. gr.

Greiðslur.

Bæjarfulltrúar fá greitt mánaðalega en nefndarmenn fá greitt tvisvar á ári; 1. júní og 1. desember ár hvert. Fundarseta er greidd skv. fundargerðum sem sveitarstjórn hefur staðfest.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar skv. 25. gr. samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og eru í samræmi við fyrri samþykktir sveitarstjórnar um þóknun sveitarstjórnarmanna.

Reglurnar voru staðfestar á fundi sveitarstjórnar 2. júní 2022 og taka gildi frá og með 1. júní 2022